



Lagt fyrir 417. fund velferðarráðs 8. desember 2021
VEL 2021110088
RÁ/kg

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Stöðumat á stefnu aðgerða í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.*

Forsaga:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi í velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 11. október 2019 og gildir til loka árs 2025. Stefnan byggir á fjórum stöðum:

- Skaðaminnkandi nálgun, sem þýðir að það eru ekki sett skilyrði fyrir þjónustu og húsnæði (Húsnæði fyrst, e. Housing first/HF)
- Notendur: Mannvirðing, fagmennska, valdefling og virk þátttaka allra þeirra sem þjónustan snýr að.
- Starfsfólk: Viðhorf, þekking, reynsla og ánægja starfsfólks hefur áhrif á gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.
- Samfélag (samstarf og stöðugar umbætur): Nýting þeirra tækifæra sem bjóðast í nærumhverfinu og samvinna við aðrar stofnanir og frjáls félagasamtök. Vöktun á aðstæðum þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda.

Greinargerð:

Meginmarkmið stefnunnar eru alls átta og ná yfir 34 aðgerðir. Settir mælikvarðar eru alls 25. Tólf aðgerðum lokið eða eru viðvarandi, 18 aðgerðir eru í ferli og vinna við fjórar aðgerðir er ekki hafin (fylgiskjal 1).

Eitt af því helsta sem áunnist er að nú liggur fyrir ný úttekt á stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir en síðasta úttekt var gerð árið 2017. Í núverandi úttekt er hver einstaklingur skáður í einn ETHOS-flokk. Í fyrri könnunum gátu einstaklingar verið skráðir í fleiri en einn flokk, en það var hinsvegar afar fámennur hópur sem það átti við. Úttektin er grunnur að áframhaldandi vinnu í þróun málaflokksins og þarf að nýta til að endurmeta aðgerðir og markmið stefnunnar.

Einn mikilvægur árangur settrar stefnu er að nýtt neyðarými fyrir 15 unga vímuefnaneytendur var opnað í lok árs 2019 og heimili fyrir sjö tvígeindar konur var opnað í lok sama árs.

Annar mikilvægur árangur náðist þegar velferðarráð samþykkti á fundi sínum í nóvember 2021 tillögu um bráðabirgða neyslurými sem rekið verður af Rauða krossinum.

Í dag þurfa engir að hverfa frá neyðaskýlum vegna plássleysis. Í neyðaskýlinu á Lindargötu hefur jafnfamt verið hægt að veita einstaklingum betri þjónustu t.d. með því að geta boðið einstaklingum sem glíma við heilsufarsvanda upp á skjól stóran hluta sólarhringsins. Viðræður eru hafnar við heilbrigðisráðuneytið um hjúkrunarrými fyrir 10 -15 konur og karla með miklar hjúkrunarþarfir.

Ný úttekt á stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturþarfir frá nóvember 2021 sýnir m.a. að 8 einstaklingar eða 3% af hópnum býr á víðavangi við slæmar aðstæður en í könnun sem gerð var árið 2017 var metið að 76 einstaklingar eða 21% hópsins væru í þeirri stöðu.

Frá október 2019 hefur neyðarrýmum/íbúðum verið fjölgað um alls 49. Neyðarrými fyrir unga karla eru 15, „húsnæði fyrst“ íbúðir eru 19 í dag en voru fimm í lok árs 2019, breytingar á úthlutun hafa verið gerðar á H121 þar sem áður voru fimm íbúðir sérmerktar konum en í dag eru þær 8 (tímabundin aðstaða H121 er nú á G51). Úthlutað hefur verið í 10 ný smáhús, 5 eru komin í nýtingu og fimm koma til afhendingar innan skamms. Að lokum hefur heimili fyrir tvígreindar konur verið opnað, eins og kemur fram hér að ofan og þar geta sjö konur dvalið.

Úrræði	Október 2019	Nóvember 2021	Aukning
Neyðarrými (Neyðarskýli f. karla og Konukot)	33	49	15
Húsnæði fyrst (H121)	5	11	3
Húsnæði fyrst íbúðir	5	19	14
Smáhús	3	13	10
Heimili fyrir tvígreindar konur	0	7	7
Samtals	46	99	49

Í stefnunni er lögð áhersla á að koma sérstaklega til móts við þjónusturþarfir kvenna. Rótinni félagi kvenna um áföll og vímuefni var falin ábyrgð á reksti neyðarskýlis fyrir konur og tillaga liggur fyrir um aukið fjármagn til rekstursins m.a. vegna þess að hætt verður að reiða sig á störf sjálfboðaliða sem veldur því að hægt verður að ná betri stöðugleika í þjónustunni. Einnig munu starfsmenn veita þeim konum sem búsettar verða í nágrenni Konukots, stuðning og þjónustu eftir þörfum.

Sú breyting var einnig gerð að ákveðið var að úthluta íbúðum á Hringbraut 121 (sjálfsætæð búseta) einungis til kvenna og þeim tryggð sólarhringsbúseta sem byggir á „húsnæði fyrst“ þjónustu. Í kjölfar Covid var í samstarfi við félagsmálaráðuneytið komið á fót neyðarúrræði í Skipholti en alls nýtti 31 kona sér úrræðið frá apríl 2020 til loka júlí 2021.

Horfið var fá því að koma á fót nýju áfangaheimili Reykjavíkurborgar í Víðinesi en þess í stað samþykkti velferðarráð að komið yrði á fót áfangaheimili fyrir 15 konur á Njálsgötu sem stefnt er á að opni á fyrri hluta árs 2022.

Vettvangs- og ráðgjafateymið (VoR-teymið) sem stofnað var árið 2015 hefur orðið æ mikilvægari þáttur í þjónustu við heimilislausa með mikla og flóknar þjónustubarfir. Starfshópur um famtíðarþróun VoR-teymis er að ljúka störfum en markmið hópsins var að leggja fram tillögur um þróun og uppbyggingu VoR-teymis á grundvelli þeirra áhrerslna sem fram koma í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir. Sú vinna mun jafnfamt nýtast í endurmati á aðgerðum og markmiðum stefnunnar.

Reglulegir fundir eru á milli þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, lögreglu, Landspítala, Heilsugæslu og Fangelismálastofnun. Samstarfið hefur þó ekki enn skilað þeim árangri að hægt hafi verið að búa til verkferil um þjónustu þegar heimilislausir einstaklingar eru að útskrifast af stofnun.

Reglulegir samráðsfundir eru við Félagsbústaði þar sem leitast er við að finna lausnir á þeim vanda sem kann að koma upp vegna tiltekinna einstaklingsmála. Talin er þörf á að koma á fundum þar sem almennt er rætt um samskipti og áherslur velferðarsviðs um þjónustu og skilgeina hlutverk tengiliðs Félagsbústaða við íbúa/nágranna/starfsfólk.

Komið hefur verið á reglulegum húsfundum á N74 (húsnæði með sólarhringsþjónustu fyrir karla með miklar og flóknar þjónustubarfir) H79 (húsnæði fyrir tvígreindar konur) G5 (áður H121, sjálfstæð búseta/sólarhringsþjónusta fyrir konur með miklar og flóknar þjónustubarfir. Mikilvægt er talið að innleiða starfslýsingu jafningja (peer supporter) í hlutastarf í hvert úrræði. Sá starfsmaður hefði það hlutverk að taka þátt í að stofna notendaráð. Í upphafi árs 2022 verður gerð fyrsta þjónustukönnun meðal heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir.

Ein af þeim aðgerðum sem ekki hefur náðst að framkvæma er að meta aðferðir við gerð áhættumats vegna ungmenna sem eru að leiðast út í heimilisleysi sem og að skilgreina verklag sem tryggir að þau ungmenni sem metin eru í áhættu sé fylgt eftir með markvissri ráðgjöf og stuðningi sem stuðlar að virkni og samfélagsþátttöku. Drög liggja fyrir að eindisbréfi starfshóps sem falið verður að skoða þetta verkefni. Hins vegar hefur verið gert mat á fjölda þeirra barna/ungmenna sem eru í fóstri á vegum barnaverndar og þurfa mögulega á búsetustuðningi að halda á næstu fimm árum. Unnin hafa verið drög að endurskoðun á samstarfsreglum barnaverndar og þjónustumiðstöðva.

Grundvöllur þess að hægt verði að veita heimilislausum einstaklingum með miklar og flóknar þjónustubarfirviðunandi úrræði er að starfsfólki sé tryggt öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem og stuðningur og tækifæri til endurmenntunar. Ýmis verkefni hafa verið unnin í þeim tilgangi. Starfsmat á störfum hefur farið fram, fyrir liggur fræðsluáætlun sem fylgt hefur verið eftir og markviss starfsþjálfun átt sér stað. Öryggisúttekt hefur átt sér stað á öllum starfsstöðvum af fulltrúa Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í öryggisráði. Þjálfun í skyndihjálpi er orðin fastur liður á fræðslutorgi og áfallamiðuð nálgun kennd sem skyldufræðsla og næst er að skipuleggja fræðslu eða námskeið um mismunandi menningarhópa.

Samstarf við hagsmunaaðila hefur verið aukið og fundað hefur verið með einstökum hagsmunaaðilum s.s. Samhjálp, Hjálpræðishernum, Skjólinu og Minningarsjóðum en áform um að halda fundi með helstu hagsmunaaðilum einu sinni á ári, þar sem farið verður yfir stöðu málaflokksins og leiðir til úrbóta, hafa ekki enn gengið eftir, m.a. vegna Covid.

Velferðarsvið hefur ekki komið á virkniúrræðum fyrir hóp heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir. Hins vegar hafa félagasamtök eins og Hjálpræðisherinn og Skjólið boðið uppá virkniúrræði.

Velferðarsvið hefur gert samning við félagsráðgjafadeild HÍ um rannsóknir. Á árinu 2021 hafa verið veitt eftirfarandi leyfi fyrir rannsóknum í tengslum við málaflokkinn:

1. Úrræði fyrir þungaðar konur í neyslu hjá Reykjavíkurborg.
2. Kortlagning á húsnæðisvanda fyrrum fanga.
3. Aðferðir félagsráðgjafa til að valdefla notendur.
4. Rannsókn á notuðum sprautunálum m.t.t. þeirra efna sem í þeim greinast.
5. Lífssaga og reynsla kvenna í Konukoti.

Málaflokkur heimilislausra hefur tekið við hjúkrunarnemum í verknámi bæði frá HÍ og HA.

Niðurstaða

Stefna um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir var samþykkt í október 2019 og gildir til ársins 2025. Ýmsar jákvæðar og mikilvægar breytingar hafa áunnist í þjónustu við heimilislauða frá árinu 2019 eins og fram hefur komið. Á þessum tímapunkti er hins vegar mikilvægt að fram fari enduskoðun og endurmat á aðgerðum stefnunar sér í lagi á grundvelli nýrrar úttektar um stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir, reynslunnar af „húsnæði fyrst“ en tryggja þarf að viðeigandi þjónusta geti fylgt úthlutun í slíkt úrræði, nýtingu og markhópi smáhúsa, en erfiðlega hefur gengið að finna þeim stað í borgarlandinu, stöðugildaþörf VoR-teymis, en verkefni teymisins hafa farið vaxandi á undanförunum árum og samfélagslegra breytinga t.d. með tilkomu Covid- 19.

Þess ber einnig að geta að kostnaður við málaflokkinn árið 2019 var um 732 m.kr. , árið 2020 var kostnaðurinn um 1 ma.kr. og áætlun ársins 2021 er 1,4 ma.kr.